

hingað þingsályktun, samþykkt af báðum deildum alþingis út af tillögum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir 1890 og 1891, svo hljóðandi: **111** 21. sept.

»Alþingi ályktar, að skora á landstjórnina að hlutast til um:

1. Að áskildir vextir og afborganir af hallærislánnum sju innheimtir undandráttafrelst, og verði megn vanskil á greiðslunni, sje lánunum sagt upp og ráðstafanir gjörðar til að innheimta allan höfuðstólinn.

2. Að málssókn sje hafin gegn prestum þeim, er eigi standa landssjóði skil á árgjöldum af braudum sínum.

3. Að skýrsla um allar óloknað versúrur frá fyrri árum, hvort sem þær hafa komið fyrst fram í jarðabókarsjóðsreikningum eða reikningsbók ráðgjafans, fylgi landsreikningnum eptirleiðis.

4. Að ef gjaldheimtumenn landssjóðs borga meira en þeir eiga að greiða eptir reikningum sínum, sje skýrsla um slíkar ofborganir frá fyrri árum lätin fylgja landsreikningnum framvegis.

Út af þessu læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild Stjórnartíðindanna, að út af 1. og 2. lið þingsályktunarinnar getur ekki orðið gjört annað en það, sem þegar er gjört, með því að ráðstafanir umboðsstjórnarinnar eru samkvæmt upplýsingum þeim, er þjer gefið, nú þegar í samræmi við óskir alþingis, en að því er snertir 3. og 4. lið þingsályktunarinnar finn jeg, samkvæmt því er þjer einnig hafi lagt til, ekkert á móti því, að tillögurnar í þessum liðum verði teknar til greina.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um afnám danskra messu- 112
gjörða í Reykjavík. — Samkvæmt allra þegnsamlegustum tillögum ráðgjafans, 21. sept.

eptir að ráðaneytinu hafði borizt þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dags. 3. febr. þ. á., hefur hans hátign konunginum hinn 19. þ. m. allra mildilegast þóknazt að samþykkja, að konungsúrskurður 17. marz 1882 ásamt eldri ákvörðunum um skyldu dómkirkjuprestsins í Reykjavík til þess, að halda danskar messugjörðir í dómkirkjunni, skuli vera úr gildi numinn, þó þannig, að dómkirkjupresturinn sje skyldur til að framkvæma kirkjulegar athafnir á dönsku, þegar hlutaðeigandi danskir meðlimir safnaðarins fara þess á leit.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tilkynnt yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 113
sveitfesti þurfalings. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amt- 28. sept.
maður, viðvíkjandi áfrýjan hreppsnefndarinnar í Garðahreppi á úrskurði yðar, dags. 11. júlí þ. á., um sveitfesti stúlkunnar Margrjetar Guðmundsdóttur, sem nú er orðin sveitarþurfi í Reykjavík, og skjöl þau, máli þessu viðvíkjandi, sem

113 nefndu brjefi yðar fylgdu, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknan-
28. sept. legrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg er samþykkur ástæð-
unum fyrir ofan nefndum úrskurði yðar, er ákveður, að hinum núverandi Garða-
og Bessastaðahreppum beri að sjá Margrjeti Guðmundsdóttur fyrir framfæri
eptir hlutfalli því, sem ákveðið er í landshöfðingjabrjefi 17. sept. 1878 (Stj.tíð.
1878 B. bls. 136—137) um skiptingu á sveitarþyngslum Álptanesshrepps, þá
staðfesti jeg tjeðan úrskurð hjer með í öllum greinum*.

114 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um til hvers prestakalls eptirgjald
9. okt. af jörðinni Hitarnesi eigi að renna. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef
stiptsyfirvaldanna, dags. 19. f. m., viðvíkjandi erindi prestsins að Staðarhrauni
sjera Stefáns Jónssonar, um hlúteild í eptirgjaldi af jörðinni Hitarnesi, skal
jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, herra amtmaður og herra biskup, til
þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að allt eptirgjaldið
af Hitarnesi með hjáleigu er samkvæmt upplýsingum þeim, er nefnt brjef yðar
inniheldur, talið með í matsupphæð Miklaholts í hinu nógildandi brauðamati
3. okt. 1884, en alls ekki í matsupphæð Staðarhrauns, þá hefur þar með jörðin

*) Úrskurður amtmannsins er svo hljóðandi:

»Eptir að bæjarfógetinn í Reykjavík í brjefi, dags. 28. f. m., hefur borið undir amtið
ágreining þannu, sem er milli yðar, velborni herra sýsluáðs, og hans um það, hvort Mar-
grjet nokkur Guðmundsdóttir, sem er þurfandi orðin fátækra styrks, skuli álitast sveitlæg í
Reykjavík eða í hinum núverandi Garða- og Bessastaðahreppum innan Gullbringu- og Kjós-
arsýslu, hef jeg lagt svolátandi úrskurð á þetta mál: Eptir þeim skýrslum, sem liggja fyrir,
er Margrjet Guðmundsdóttir fædd í Reykjavík á árinu 1850; þaðan fluttist hún 23 ára göm-
ul í Álptanesshrep, og dvaldi í honum vistarárin 1873—79, en skipti fóru fram á hreppnum
í fardögum 1879 í tvö sveitarfjelög, sem sje Garðahrepp og Bessastaðahrepp; þar eptir var
hún í Garðahreppi 1879—81, í Bessastaðahreppi 1881—82, og svo 7 ár í Garðahreppi, en það-
an fór hún í Bæjarhrep í Strandarsýslu, þar sem hún hafði dvöl 3 ár, unz hún fór suður
aptur. Að vísu er svo fyrir mælt í fátækralöggjöf vorri, að menn skuli vera 10 ár í ein-
um og sama hreppi til þess að eignast þar sveit; en þessi ákvörðun verður alls eigi skilin
svo, að hlutadeigandi skuli eigi álitast að hafa dvalið 10 ár í sama hreppnum, þótt svo verði
fyrirskipað á meðan hann er að vinna sveitfesti, að hreppnum skuli skipt í tvö eða fleiri
sveitarfjelög, og það virðist liggja í augum uppi, að sá rjettur, sem lögin heimila mönnum
til þess að vinna sveitfesti í einhverjum hreppi með 10 ára dvöl þar, takmarkast eigi eða
eyðist við það, að hreppnum verði skipt einhverntíma á þessu 10 ára tímabili, enda kemur
einnig hjer til greina rjettur þess hrepps, þar sem hlutadeigandi átti sveitfesti, áður en hann
byrjaði að vinna sjer sveitfesti í þeim hrepp, sem skipt er síðar í fleiri hreppa. Með því
fyrnefnd Margrjet Guðmundsdóttir hefur síðast dvalið, eptir að hún var 16 ára að aldri, yfir
10 ár í hinum forna Álptanesshreppi og í báðum þeim hreppum, sem Álptanesshreppi er skipt
í, úrskurdast hjer með, að hún sje sveitlæg í hinum núverandi Garða- og Bessastaðahreppum,
sem ber að sjá henni fyrir framfærslu eptir því hlutfalli, sem ákveðið er í brjefi landshöfð-
ingja 17. septbr. 1878 (Stj.tíð. 1878, B. bls. 136—137), og eruð þjer umbedinn að tilkynna
hreppsnefndunum í tjeðum hreppum úrslit málsins«.